

## Setning Aðalfundar Skógræktarfélags Íslands árið 2014 á Akranesi

Magnús Gunnarsson, formaður.

Umhverfis- og auðlindaráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, heiðursfélagar Skógræktarfélags Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir, Jón Loftsson skógræktarstjóri, Ólafur Adolfsson, formaður bæjarráðs Akraness, fulltrúar skógræktarfélaganna og aðrir góðir gestir.

Það er mér sönn ánægja að bjóða ykkur öll hjartanlega velkomin til þessa 79. aðalfundar Skógræktarfélags Íslands sem nú er haldinn hér á Akranesi. Gestgjafar þessa aðalfundar eru Skógræktarfélag Akraness og Skógræktarfélag Skilmannahrepps og færi ég félagsmönnum í þessum ágætu skógræktarfélögum bestu þakkir fyrir góða aðstoð við undirbúning hans.

Á þessum aðalfundi eiga rétt til setu fulltrúar frá 61 skógræktarfélagi.

Frá síðasta aðalfundi félagsins sem haldinn var í Garðabæ fyrir ári síðan hafa nokkrir félagar og velunnarar skógræktarhreyfingarinnar horfið á braut og er þeirra minnst með virðingu og þökk.

**Karl Eiríksson fæddist 31. desember 1925 og lést 20. febrúar 2014.** Hann var einn af dyggustu stuðningsmönnum Skógræktarfélags Íslands og studdi starfsemi félagsins með fjárframlögum um margra áratuga skeið. Þá var hann lengi í stjórn Skógræktarfélags Reykjavíkur, en auk þess vann hann að eigin skógrækt í Stíflisdal þar sem hann, ásamt fjölskyldu sinni, hafði komið sér upp fallegum skógi. Á síðari árum þegar hinum hefðbundna starfsdegi var lokið, en hann var um langt árabil forstjóri Bræðranna Ormsson, var það hans mesta yndi að leita í dalinn og huga að trjágróðri. Karl var einnig frumkvöðull í landgræðslu hér á landi, en eftir flugstjóranám í Bandaríkjunum, þar sem hann kynntist uppgræðslu lands, ákvað hann að nauðsynlegt væri að auka afköst í þeim málum hér á landi. Flutti hann inn áburðarflugvél og vann í samvinnu við Landgræðslu ríkisins að því að bera á uppblástursfláka ofan Gunnarsholts. Í framhaldinu hófst nýr kafli í uppgræðslu lands hér á landi.

Karl var árviss fulltrúi á aðalfundum Skógræktarfélags Íslands og lagði þar ætíð gott eitt til hinna ýmsu mála er vörðuðu skógrækt. Hann var mikill góðvinur Hákonar Bjarnasonar skógræktarstjóra og þáði góð ráð meðan hans naut við.

Á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands á Lýsuhóli árið 2005 veitti félagið Karli æðstu orðu félagsins, gullmerki, ásamt viðurkenningu, þar sem honum var þakkað ómetanlegt starf í þágu skógræktar.

Stuðningur Karls Eiríkssonar við Skógræktarfélag Íslands var einstakur.

### **Sverrir Hinrik Jónsson fæddist í Ólafsfirði 12. júlí 1933.**

Hann lést á sjúkrahúsinu á Akranesi 2. febrúar 2014, eftir stutta sjúkralegu. Sverrir ólst upp í Ólafsfirði og stundaði þar nám og íþróttir, m.a. sund, skíði og knattspyrnu. Hann hóf ungur að sjá sér farborða, m.a. við ýmis störf tengd landbúnaði og fiskvinnslu og síðar málningu, sem hann gerði síðar að sínu ævistarfi.

Sverrir var alltaf áhugasamur um gróðursetningu og fleira sem að skógrækt snéri og vann ómetanlegt starf fyrir Skógræktarfélag Akraness, m.a. vann hann mikið starf á svæði félagsins á Slögu við rætur Akrafjalls.

Hann var einnig með einkaskógrækt ásamt fjölskyldu sinni í Svínadal. Hann lagði mikið upp úr því að gera vel við plönturnar í upphafi, þá yrðu þær fljótari að ná sér á strik. Þau hjónin mættu á fjölmarga aðalfundi Skógræktarfélags Íslands, en einnig tóku þau þátt í ferðum félagsins á erlenda grund, m.a. eftirminnilega ferð til Rússlands þar sem leiðin lá allt norður að Hvítahafinu til Arkhangelsk, en þar voru að sögn Sverris mörg hús sem þörfuðust málningar. Sverrir var góður vinur og öflugur félagsmaður í Skógræktarfélagi Akraness.

**Oddur Sigurðsson var fæddur 30. júlí 1930 í Kjalardal, Skilmannahreppi.** Oddur lést 27. apríl 2013. Oddur bjó í Kjalardal til ársins 1963 og stundaði vélavinnu og akstur á árunum 1949-62. Hann gerðist bóndi á Litlu-Fellsöxl í sömu sveit árið 1963, en þar bjó hann lengst af ævi sinnar. Oddur tók þátt í ýmsum félagsstörfum, hann sat í hreppsnefnd Skilmannahrepps frá 1968, var formaður og gjaldkeri Sjúkrasamlags Skilmannahrepps í fimm ár og í stjórn sjúkrasamlags Borgarfjarðar. Oddur var einnig formaður Búnaðarfélags Skilmannahrepps frá 1972 og forðagæslumaður frá 1970.

Oddur fékk snemma áhuga á skógrækt og sat í stjórn Skógræktarfélags Skilmannahrepps sem formaður eða gjaldkeri um árabíl. Þá var hann einnig félagi í Skógræktarfélagi Borgarfjarðar.

Í Kjalardal girti hann af dálítinn reit upp við veg, sem hann plantaði í meðan hann bjó þar á sínum yngri árum. Þar eru nú myndarleg tré af ýmsum tegundum. Hann átti stóran þátt í að endurreisa félagið, sem hætti starfsemi á árunum 1970 – 1978. Oddur sá um að halda við girðingum um þann trjáreit sem félagið hafði fengið til ræktunar úr landi Stóru-Fellsaxlar og vann að því að útvega meira land til gróðursetningar. Oddur var kjörinn heiðursfélagi Skógræktarfélags Skilmannahrepps þegar félagið átti 70 ára afmæli í desember 2009. Oddur var hægur maður en drjúgur til vinnu og úrræðagóður. Hann hafði sérstakan áhuga á öllu er varðaði skógrækt og fór oft út á vorkvöldi til að planta trjám þegar hefðbundnum dagsverkum var lokið. Hann átti erfitt með að fella tré og grisja og tók það verk nærri sér. Með honum er genginn brautryðjandi og einn af ötulustu skógræktendum landsins.

#### **Runólfur Ingólfsson fæddist í Reykjavík 20. júní 1947.**

Hann andaðist á Heilbrigðisstofnun Patreksfjarðar 31. júlí 2014. Runólfur var menntaður rafvirki frá Iðnskólanum í Reykjavík. Hann starfaði sem rafvirki í Reykjavík en árið 1974 fluttist hann til Bíldudals. Runólfur starfaði hjá Rafmagnsveitunni á Bíldudal og síðar Orkubúi Vestfjarða alla sína starfsævi. Hann sinnti margvíslegum félagsstörfum, var meðlimur í Lionsklúbbi Bíldudals, virkur í starfi Sjálfstæðisflokksins og mörg handtökin vann hann fyrir golfklúbbinn og íþróttafélagið á staðnum.

Runólfur tók þátt í að endurvekja og stofna Skógræktarfélag á Bíldudal árið 1986 og var frá þeim tíma potturinn og pannan í starfi félagsins. Afrakstur þess starfs sér nú stað ofan byggðar á Bíldudal þar sem nú vex upp öflugur og gróskumikill skógur, en auk þess vann hann einnig að ræktun ofan við gömlu rafstöðina á Bíldudal. Hugur hans stóð til þess að efla starfið enn frekar og hefur afrakstur undanfarinna ára borið þann árangur að heimamenn halda starfinu áfram af fullum krafti. Runólfur var sístarfandi, greiðvikinn og hjálpsamur og öðlingur í alla staði.

**Við skulum nú minnst Karls, Sverris, Odds, Runólfs og annarra félaga okkar og velunnara sem fallið hafa frá, frá síðasta aðalfundi, með því að rísa úr sætum.**

Kæru fundargestir.

Enn á ný hittumst við á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands til að bera saman bækur okkar, fjalla um málefni skógræktar og ræða um það sem efst er á baugi. Þá er líka sjálfsagt að gleðjast yfir hversu vel gróðri fer nú fram og hversu umræða um málefni skógræktar er að verða almenn, samhliða því að áhugi á skógrækt eykst með hraðvaxandi skóglendi víða um land. Þá er það ánægjulegt að stjórnvöld eru farin að líta svo á að skógrækt getur með tíð og tíma orðið öflug atvinnugrein.

Einnig ber að fagna nýlegri samþykkt þingsályktana á Alþingi á liðnum vetri, annars vegar um eflingu skógræktar sem atvinnuvegar og sameiningu stjórnsýslueininga á sviði

skógræktar og landgræðslu og hins vegar stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014-2017. Treysti ég því að ágætur umhverfis- og auðlindaráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, fylgi þessum málum vel eftir og raunar efast ég ekki um getu hans og vilja til að ganga skörugmannlega fram í þessum málum.

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands eru skógræktarhreyfingunni afar mikilvægir og góður vettvangur okkar skógræktarfólks til að hlýða á áhugaverð erindi, fræðast um það sem markverðast er hverju sinni á sviðum skógræktar og fá tækifæri til að kynnast áhugaverðu starfi skógræktarfélaganna, vítt og breytt um landið. Þó er sá þátturinn sennilega hvað mikilvægastur, að njóta samvista um stund með góðum vinum, njóta stunda í fögrum skógarteigum og lyfta okkur upp við söng og aðra skemmtan.

Rekstur Skógræktarfélags Íslands gekk ágætlega á liðnu starfsári. Rekstrartekjur félagsins á árinu 2013 voru um 2.500 þúsund krónum hærrí en á árinu 2012, en rekstrargjöld ársins 2013 voru hins vegar rúmum 5 milljónum lægri en á árinu 2012. Rekstrartap félagsins á liðnu ári var kr. 1.667 þúsund en árið 2012 var tapið kr. 4.828 þúsund. Eigið fé félagsins í árslok 2013 var kr. 113.558 þúsund en var í lok árs 2012 kr. 115.227 þúsund. Eignir í bundnum sjóðum voru 91.904 þúsund í lok árs 2013 en voru 79.159.434 í lok árs 2012. Eitt af megin verkefnum stjórnar Skógræktarfélags Íslands hefur verið að ná góðu jafnvægi í rekstri félagsins. Það er því ánægjulegt að jákvæður viðsnúningur varð í rekstri félagsins á liðnu ári.

Áfram verður það hins vegar keppikefli stjórnar og starfsmanna að styrkja tekjugrunn félagsins, samhliða því að gætt sé aðhalds í útgjöldum.

Þegar litið er yfir starfsskýrslu Skógræktarfélags Íslands á milli aðalfunda má glöggst sjá að unnið hefur verið að fjölmörgum verkefnum. Mun ég geta þeirra hér að nokkru.

### **Landgræðsluskógar**

24 ár eru nú liðin síðan Landgræðsluskógaverkefninu var ýtt úr vör. Óhætt er að segja að verkefnið hafi tekist afar vel. Ber að þakka ríkisvaldinu dyggan stuðning við verkefnið sem hefur það megin markmið að efla nýskógrækt, en á þessum tíma hafa skógræktarfélagin plantað út að meðaltali um 700 til 800 þúsundum skógarplantna ár hvert. Þann 26. nóvember sl. var skrifað undir nýjan samning um Landgræðsluskóga. Gildir samningurinn til fimm ára og felur í sér 35 milljóna króna árlegt framlag til verkefnisins. Vil ég nota hér tækifærið og þakka umhverfis- og auðlindaráðherra, Sigurði Inga Jóhannssyni, fyrir hans áhuga og stuðning að eflingu nýskógræktar.

### **Opinn skógur**

Verkefnið Opinn skógur hefur fyrir löngu sannað gildi sitt og geta landsmenn nú notið þess að staldra við í Opnum skógi, víðs vegar, á ferð sinni um landið. Þann 15. september á liðnu ári var Völvuskógur að Skógum undir Eyjafjöllum opnaður fyrir almenning og af því tilefni var afhjúpaður minnisvarði um Jón Jósep Jóhannesson, kennara við Skógaskóla og skógræktarfrömuð.

Á næsta ári er áætlað að opna skóginn á Skarðsdal við Siglufjörð, en unnið hefur verið að undirbúningi að opnun skógarins með sjálfboðaliðum frá SEEDS. Þá hefur verið unnið að endurnýjun skilta og viðhaldi í öllum skógunum. Verkefnið Opinn skógur er samstarfsverkefni Skógræktarfélags Íslands og fyrirtækjanna Arion banka og Skeljungs hf.

### **Yrkjusjóður**

Í ár eru liðin 24 ár frá stofnun Yrkjusjóðsins en sjóðurinn var stofnaður árið 1990 í tilefni af 60 ára afmæli þáverandi forseta Íslands, frú Vigdísar Finnbogadóttur. Markmið sjóðsins er að kosta trjáplöntun íslenskra skólabarna á grunnskólastigi á ári hverju. Óhætt er að segja að vel hafi tekist til við að kynna mikilvægi skógræktar og ræktunar almennt fyrir unga fólkinu í landinu og ala þannig upp ræktendur framtíðarinnar. Formaður sjóðsins er Sigurður Pálsson.

## Kolviður

Átta ár eru nú liðin síðan Skógræktarfélag Íslands og Landvernd stofnuðu Kolvið, sjóð í þeim tilgangi að binda kolefni í gróðri og jarðvegi til að draga úr styrk koldíoxíðs í andrúmslofti. Á þeim átta árum sem Kolviður hefur starfað hefur margt áunnist. Nú má merkja aukinn áhuga fyrir kolefnisjöfnun meðal fyrirtækja í alþjóðaviðskiptum og aukast viðskipin hægt og bítandi. Í ár verður aðkoma að fyrsta Kolviðarskóginum sem er á Geitasandi á Rangárvöllum bætt og sett upp upplýsingaskilti og fánastangir. Nú má heita full gróðursett í landið og unnið er að samningi um fjármögnun Kolviðar á skógrækt í landi Skógræktarfélags Íslands og skátahreyfingarinnar á Úlfjótuvatni. Formaður sjóðsins er Reynir Kristinsson.

## Tré ársins 2013

Tré ársins 2013 var formlega útnefnt við hátíðlega athöfn 18. ágúst á liðnu ári og varð alaskaösp sem stendur við bæinn Freyshóla á Völlum á Fljótsdalshérað fyrir valinu. Öspin mældist 17,5 metra há og 50,5 cm í þvermál. Það voru bræðurnir Baldur og Bragi Jónssynir frá Freyshólum sem gróðursettu öspina fyrir 50 árum, en þeir bræður unnu allan sinn starfsaldur hjá Skógrækt ríkisins. Má með sanni segja að tré ársins 2013 beri ævistarfi og ástríðu þeirra bræðra fyrir skógrækt fagurt vitni.

## Úlfjótuvatn

Skógræktarfélag Íslands er eigandi að jörðinni Úlfjótuvatni að hálfu á móti Bandalagi íslenskra skáta og Skátasambandi Reykjavíkur, eins og áður hefur komið fram í umfjöllun um jörðina Úlfjótuvatn. Á liðnu ári hefur verið unnið að samkomulagi milli Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, Orkuveitu Reykjavíkur og núverandi eigenda jarðarinnar um hvernig framtíðarskipan mála verði háttað, en STFR er með afnotarétt á liðlega 40 ha lands fyrir frístundabyggð. Má segja að farsæl lausn sé nú í sjónmáli.

Stjórn sameignarfélagsins, Úlfjótsvatns ehf., boðaði til stefnumótunarfundar þann 12. apríl í húsakynnum Garðyrkjufélags Íslands þar sem viðfangsefni fundarins var Úlfjótuvatn árið 2064, en þar var reynt að skyggjast inn í framtíðina, þar sem fundarmenn lögðu sig fram um að koma gagnlegum hugmyndum á framfæri um framtíð staðarins. Þátttakendur í þessu skemmtilega verkefni voru um 30 talsins og var ánægjulegt að finna þá samstöðu sem fram kom á fundinum. Stjórnin mun vinna úr framkomnum hugmyndum og undirbúa annan fund, sem haldinn verður með sama hópi á haustdögum.

Þá hefur Skógræktarfélag Íslands og Kapólska kirkjan undirritað samning um afnot Kapólsku kirkjunnar af íbúðarhúsi og kirkju á Úlfjótuvatni og er sá samningur til eins árs. Að ári liðnu er hins vegar stefnt að því að gera langtímasamning um afnot Kapólsku kirkjunnar af íbúðarhúsi, útihúsum og kirkju, en þá er búist við að starfsemi á vegum kirkjunnar verði komin í fastar skorður, m.a. með búsetu munka á Úlfjótuvatni.

Ýmsar hugmyndir eru uppi um nýtingu jarðarinnar og unnið er nú að skógræktarskipulagi hennar. Er ekki að efa að á næstu árum og áratugum mun myndarlegur útivistar- og nytjaskógur vaxa upp á Úlfjótuvatni samhliða þeirri fjölbreyttu starfsemi sem þar mun vaxa og dafna um ókomin ár.

Skógræktarfélag Íslands hefur notið þess á umliðnum árum að eiga góða og trausta bakhjarla sem hafa stutt dyggilega við starf félagsins og aðildarféлага þess. Má þar m.a. nefna Arion banka, Eimskip, Toyota á Íslandi, Pál Samúelsson og Elínu Jóhannesdóttur, Olís og Skeljung. Öllum þessum ágætu aðilum eru hér færðar alúðarpakkir.

Starfsfólk Skógræktarfélags Íslands hefur unnið afar gott starf að margvíslegum verkefnum og má þar m.a. nefna öfluga útgáfu Skógræktarritsins, Laufblaðsins og heimasíðu félagsins,

auk þess að sinna margvíslegum öðrum verkefnum í þágu skógræktarhreyfingarinnar. Færi ég þeim bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

Við lifum í heimi þar sem samskipti milli einstaklinga og miðlun upplýsinga manna á millum gerast nú með ógnarhraða tæknibyltingarinnar. Netið, Tölvupóstur, Facebook, Twitter, Skype, Instagram og Snapchat svo eitthvað af upplýsingatólunum séu hér nefnd, nýtast okkur nú með margvíslegum hætti. Ný tækni færir okkur þannig breytt samskiptamunstur, munstur sem oftast en ekki byggist á því að færa atburði og umræðu sífellt nær rauntíma. Margt af því sem þessi nýja tækni færir okkur er býsna áhugavert, eykur þekkingu og gerir okkur kleift að afla upplýsinga um nær allt milli himins og jarðar. Umræða á Facebook, þar sem Facebook vinir skiptast á skoðunum, stofna hópa um margvísleg hugðarefni, Skógareigendur, vinir Lúpínunnar, áhugafólk um landgræðslu og svo mætti lengi telja. Allt er þetta gott og blessað og hluti af þróun sem ekki verður stöðvuð og því sjálfsagt fyrir hvert okkar að tileinka sér þessa nýju tækni eins og hún best nýtist hverjum og einum. Og nú ætla ég að leyfa mér að grípa niður í greinarstúf/hugleiðingu, sem birtist á Facebook og það án þess að spyrja þann ágæta fésbókarvin, mikinn ræktunarmann leyfis.

“Það var til dæmis fróðlegt að læra um allar mosategundirnar og fléttutegundirnar og lesa út úr útbreiðslu þeirra um loftmengun út frá þéttbýli og upp í sveit. Þessi háskóli heitir núna Universitetet for Miljø- og Biovitenskap. Margir Íslendingar hafa menntað sig þar og margir munu gera það áfram. Sjálfur lít ég á mig fyrst og fremst sem garðyrkjumann sem kys að yrkja jörðina, auka frjósemi hennar og klæða landið trjágróðri og skjóli, auka og styrkja vistkerfið með fjölbreyttum gróðri. Ég byrjaði 12 ára að taka yfir garð foreldra minna, spurði ekkert um leyfi!, þetta bara lá fyrir mér! Vann síðan á ýmsum stöðum og það er mitt happ að hafa farið til útlanda að mennta mig í faginu og fá aðra sýn en þá íslensku á Ísland. Ferðalag mitt til Alaska haustið 1994 með vini mínum Pétri í Mörk hnykkti síðan heldur betur á og bætti í reynslubankann fyrir Ísland. Þegar ég fór frá Noregi eftir 8 ár, var ég beðinn um að vera þar og vinna sem ráðunautur og taka þátt í tilraunastarfsemi. Ég varð að móðga gestgjafa mína, því römm er sú taug sem rekka dregur. Allt sem ég gerði þar og lærði, var ætlað fyrir Ísland, landið mitt og þjóðina mína, því hér bíða verkefni og eru ærin. Og heim kom ég og sé ekki eftir þeirri ákvörðun. Ég er af þeirri kynslóð sem þurfti að brjóta niður vantrú á gróður mátt landsins og ég er enn að því. Okkur fjölgar stöðugt sem skynjum kallið og vinnum að þessu á margvíslegan hátt, fyrir þjóðina, fyrir landið, að klæða það aftur þeim gróðri sem loftslagið býður því að eiga.“

Sannarlega skrifað af ástríðu ræktunarmannsins. Enda uppskar sá sem þetta ritaði 114 like á Facebook. Það vill segja að án nokkurs efa hafa fleiri en 114 séð og lesið ofanritað. Sjálfsagt eru margir hér sem átta sig nú þegar á því um hvaða einstakling ég er hér að ræða, Ólaf Sturlu Njálsson, garðyrkjusérfræðing sem býr að fjölþættri menntun og reynslu og hefur tækifæri til að fræða aðra og taka þátt í umræðu á þeim netmiðlum sem ég gat hér um, ofangreint. Sannarlega fengur í slíkri þekkingarmiðlun. Takk, Ólafur, fésbókarvinur.

Sem fyrr njótum við þess að skógarvöxtur er með mesta móti víðast hvar um land. Í júlímánuði nýliðnum rigndi hér sunnanlands oft á tíðum eins og engin yrði morgundagurinn. Það pirraði marga. Ég átti þess kost að vera austur í sveitum á þessum tíma og svei mér þá, þá var þessi júlímánuður bara nokkuð ánægjulegur, oftast logn, hiti ágætur, gróðurframvinda með besta móti svo ekki þurfti ég að kvarta. Og svo komu veðurspámenirnir frá Dalvík með þessa fínu ágústspá og nú fagna allir sólardögum, þar sem sól og hiti gleður nú þá sem búa hér sunnan heiða – og vart þurfa Norðlendingar og Austfirðingar að kvarta eftir sólríkt sumar.

Ég hef verið þeirrar ánægju aðnjótandi að starfa með frábærum einstaklingum í stjórn S.Í. á undanförunum árum, sem og góðu starfsfólki S.Í. Þá hef ég fengið tækifæri til að heimsækja skógræktarfolk víða um land og kynnst starfi þeirra og séð að með eljusemi og ástríðu fyrir starfi að skógræktarmálum hefur ótrúlegur árangur náðst. Ánægjulegt er einnig að líta til þess að þeim 200 milljónum sem ríkisstjórnin veitti til Skógræktarfélags Íslands til að standa fyrir atvinnuáttaksverkefnum víðs vegar um land var afar vel varið og framlagið létti undir með mörgum heimilum, þegar atvinnuleysið var sem mest. Ég gæti auðvitað haldið áfram og rætt um kaup Skógræktarfélags Íslands á jörðinni Úlfjótsvatni og kaup á gróðrarstöð á Akranesi. Ef til vill nefni ég ofangreind verkefni vegna þess hversu fyrirferðarmikil þau hafa verið, en um leið einstaklega gefandi. Kannski eru þau einfaldlega ofarlega í mínum huga nú þegar ég stend frammi fyrir þeirri staðreynd að ég hef gegnt formennsku allt frá árinu 2007 og þarf á þessum tímamarki að taka ákvörðun um hvort ég sé reiðubúinn að gefa kost á mér sem formaður S.Í. næstu þrjú árin. Tíminn hefur flogið áfram og með góðu fólki virðast vegir oftast en ekki greiðfærari en ella.

Kæru vinir, það verður án efa ánægjulegt að skoða skógarreiti á félagssvæðum Skógræktarfélags Akraness og Skógræktarfélags Skilmannahrepps, gestgjafa þessa aðalfundar. Þar munum við sjá og gleðjast yfir þeim mikla árangri og því góða starfi sem unnið hefur verið af hálfu skógræktarfélaganna sem og Akranesskaupstaðar.

Góðir aðalfundarfulltrúar.

Ég vil óska þess að aðalfundur Skógræktarfélags Íslands hér á Akranesi megi verða okkur skógræktarfolki ánægjulegur.

Ég segi 79. aðalfund Skógræktarfélags Íslands settan.